



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
21. júní 2023 kl. 16:00.**

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi.

1. Auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda um gjaldskrá og deiliskipulag.

Á morgun 22. júní birtist auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda um endurskoðaða og breytta gjaldskrá fyrir byggingarleyfa-, afgreiðslu- og þjónustugjöld Fljótsdalshrepps og einnig um deiliskipulag frístundabygðar í landi Víðivalla ytri 1. Þar með er lokið formlegu afgreiðsluferli þessara verkefna og hafa þau hlotið lögbundna gildistöku.

2. Hóll. Sumarhús- smáhýsi.

Á fundi byggingarnefndar 27. janúar sl. var tekið fyrir erindi frá Kjartani Glúmi Kjartanssyni eiganda Hóls um afmörkun þriggja lóða undir sumarhús. Nú leggur Kjartan Glúmur fram byggingarnefndarteikningar og sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi-smáhýsi á lóðinni Dvergseyri 1, lóðarstærð 3254 m². Helstu stærðir: Flatarmál 24,8 m² og rúmmál 71,9 m³. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir að veita umbeðið byggingarleyfi.

Hallgrímur Bóasson leggur fram byggingarnefndarteikningar og sækir um byggingarleyfi fyrir smáhýsi á lóðinni Hólseyri í landi Hóls, lóðarstærð 5041 m². Helstu stærðir: Flatarmál 26,1 m² og rúmmál 83 m³. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir að veita umbeðið byggingarleyfi.

3. Gistiheimilið við Óbyggðasafnið á Egilsstöðum.

Byggingarfulltrúi sagði frá ástæðum þess að tafir hafa orðið á að lokaúttekt hefur ekki farið fram á nýbyggðu gistiheimili. Ástæðurnar eru meðal annars að handrið er ekki á svölum á suðurgafli og einnig vantar flóttaleið frá þeim. Lyfta hefur ekki enn verið sett upp og auk þess er mjög bagalegt er að missa Denna frá þessum verkefnum.

4. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Breyta þarf aðalskipulaginu 2014-2030 vegna áorðinna breytinga á landnýtingu og atvinnustarfsemi. Um er að ræða: **Egilsstaðir**. Óbyggðasafn. Gistiheimili. Þar þarf að breyta landnýtingu í: **Verslun og þjónustu**. Víðivellir ytri II. Skógarafurðir framleiðir þar viðarþiljur og byggingarefni úr timbri. Þar þarf að breyta landnýtingu í: **Athafna- og iðnaðarsvæði**. Valþjófsstaðamelar austan Végarðs. Þar á að koma fyrir aðstöðu fyrir sorpmóttöku, atvinnu- og iðnaðstarfsemi. Umrætt svæði er skilgreint sem efnistökusvæði í aðalskipulagi. Þar þarf að breyta landnýtingu í: **Þjónustu-, athafna- og iðnaðarsvæði**. Einnig þarf að gera smávægilega breytingu á deiliskipulagi *Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar og Hamborgar frá 2008* vegna fyrirhugaðrar starfsemi og deiliskipulagsvinnu á svæðinu austan Végarðs. Leitað var eftir mati á kostnaði hjá Landmótun, EFLU og Skarphéðni Smára vegna þessara breytinga. Eftir að hafa kynnt sér niðurstöður kostnaðarmatsins er það mat byggingar- og skipulagsnefndar að hagkvæmast sé að semja við Landmótun um verkefnið enda sá fyrirtækið á sínum tíma um gerð aðalskipulagsins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir

Fundarritari: Sveinn Þórarinnsson.